

## LÖG SÖGUFÉLAGS

### I. Nafn félagsins og heimilisfang

1. grein.

Nafn félagsins er Sögufélag. Heimilisfang þess og varnarþing er í Reykjavík.

### II. Markmið félagsins

2. grein.

Markmið félagsins er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands. [Einnig að vera vettvangur fyrir sagnfræði og söguleg efni og stuðla að hvers konar miðlun sögulegs efnis.](#)

### III. Aðild

3. grein.

*Félagsmenn*

Allir áhugamenn um sögu geta orðið félagsmenn í Sögufélagi. [Félagsaðild Almenn félagsaðild](#) er bundin því að þeir gerist fastir kaupendur að [tímaritum](#) [tímariti](#) félagsins, enda hafi þeir greitt síðasta árgang [þeirra þess](#) fyrir aðalfund. [Aðild er möguleg án áskriftar og ákvarðar stjórn félagsgjald.](#)

4. grein.

*Heiðursfélagar*

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga Sögufélags á aðalfundi samkvæmt tillögu félagsstjórnar.

### IV. Félagfundir

5. grein.

*Aðalfundur*


Aðalfund félagsins skal halda í Reykjavík ár hvert. Er hann æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er frá 1. [september-janúar](#) til 31. [ágúst-desember](#). Aðalfundur skal að jafnaði haldinn [í byrjun árs](#). Til aðalfundar skal boðað með minnst [viku-tveggja vikna](#) fyrirvara á vefsíðu félagsins ásamt því að auglýsa fundarboð í fjölmiðlum. Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri sem skal í upphafi kanna lögmæti fundar. Halda skal fundargerð um aðalfund og skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita hana.

6. grein.

*Dagskrá aðalfundar*

Dagskrárliðir á aðalfundi skulu vera:

- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar



3. Lagabreytingar
4. Kjör stjórnar og annarra trúnaðarmanna
5. Önnur mál.

7. grein.

*Aðrir félagsfundir*

Stjórnin getur boðað til annarra funda með félagsmönnum um málefni félagsins. Skulu fundargerðir slíkra funda skráðar. Stjórnin skal einnig halda félagsfund ef minnst 30 félagsmenn fara skriflega fram á slíkt.

8. grein.

*Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga*

Fyrir Sögufélagi ræður sjö manna stjórn sem kjörin er á aðalfundi. [Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu félagsins með sjö daga fyrirvara](#). Forseti skal kjörinn sérstaklega til tveggja ára í senn og má endurkjósa hann fjórum sinnum. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til eins árs í senn og mega þeir eigi sitja lengur en sex ár samfelt í stjórn. Auk þess skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara. Fyrsta stjórnarfund skal halda svo fljótt sem verða má eftir aðalfund. Skulu þá kjörnir ritari ~~/skjalavörður og~~, gjaldkeri ~~og kynningarstjóri~~ úr hópi stjórnarmanna [og skipað í önnur hlutverk eftir þörfum](#).

9. grein.

*Störf stjórnar*

Stjórn Sögufélags tekur ákvarðanir um útgáfumál, mannráðningar og annan rekstur félagsins. Hún setur tímaritum félagsins ritstjórn, skipuleggur bókaútgáfu þess og ákvarðar starfstíma ritstjórnarmanna. [Heimilt er stjórninni](#) ~~Stjórn er heimilt~~ að skipa fastanefndir. Stjórnin ákvarðar þóknun til handa forseta félagsins, [stjórnarmönnum](#) og ritstjórum. Fundargerðir stjórnar skulu skráðar og undirritaðar af stjórnarmönnum. Fundargerð skal vera fullgild sönnun þess sem fram hefur farið á fundinum.

**V. Önnur ákvæði**

10. grein.

*Um breytingar á lögum félagsins*

Lögum félagsins má ekki breyta nema á aðalfundi enda sé lagabreytingartillagan kynnt í fundarboði. Til lagabreytingar þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, sbr. 3. gr.

11. grein.

Komi fram tillaga um að slíta félaginu, fer um þá tillögu sem um lagabreytingartillögu, sbr. 10. gr., að öðru leyti en því að þá þurfa 3/4 fundarmanna að samþykkja tillögu um slitin. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við annað félag sem hefur sama markmið, sbr. 2. gr. þessara laga. Verði tillaga um slit félagsins eða samruna við annað félag samþykkt, skal



hreinni eign félagsins ráðstafað í samræmi við markmið félagsins, sbr. 2. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Stofnlög samþykkt á stofnfundi 7. mars 1902. Breytingar gerðar á aðalfundum 7. apríl 1979, 20. október 2001, 17. september 2016 og 29. apríl 2019.

(Samþykkt á aðalfundi Sögufélags þann 15. febrúar)